



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1516*  
*komudagur 12.2.2013*

Reykjavík 12. febrúar 2013.

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um strandveiðar, 219. mál.**

Sjómannasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um strandveiðar, en samkvæmt því er gert er ráð fyrir að um strandveiðarnar gildi sér lög. Jafnframt eru í frumvarpinu lagðar til nokkrar breytingar á fyrirkomulagi strandveiðanna frá því sem nú gildir.

Sjómannasamband Íslands telur að ákvæði um strandveiðarnar, fyrst þær eru leyfðar á annað borð, eigi að vera í heildar lögum um stjórn fiskveiða en ekki í sérlægum eins og frumvarpið gerið ráð fyrir.

Benda má þó á nokkur jákvæð atriði í frumvarpinu.

Skýrt er skilgreint í frumvarpinu að bátur megi ekki stunda strandveiðar nema eigandi sem á a.m.k. 51% eignarhlutdeild sé lögskráður um borð. Er þetta til bóta frá því sem nú viðgengst.

Í 3. gr. er reiknað með að til ráðstöfunar til strandveiða verði 6.700 tonn af óslægðum botnfiski og ekki er gert ráð fyrir aukningu á komandi árum. Er þetta jákvætt miðað við önnur frumvörp sem lögð hafa verið fyrir Alþingi varðandi strandveiðarnar. Samkvæmt núgildandi lögum eru 6.000 tonn af óslægðum botnfiski ætluð til strandveiðanna og samkvæmt bráðabirgðaákvæði eru nú ætluð 2.600 tonn til viðbótar til þessara veiða. Samtals eru þetta því 8.600 tonn samkvæmt gildandi lögum. Sjómannasamband Íslands fagnar því ákvæði frumvarpsins að festa eigi til framtíðar það sem er til ráðstöfunar til strandveiða í 6.700 tonnum af óslægðum botnfiski.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að strandveiðikvótanum verði skipt niður á þá sem hafa strandveiðileyfi. Sjómannasamband Íslands gerir ekki athugasemd við það svo lengi sem ekki verður heimilt að framselja strandveiðikvótana.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson